

Fréttatilkynning: Innköllun á kökuskreytingarefni sem selt er í Skagfirðingarbúð á Sauðárkróki vegna vanmerkinga á ofnæmisvaldandi efni.

Kaupfélag Skagfirðinga hefur í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra og Matvælastofnun ákveðið að taka úr sölu og innkalla kökuskreytingarefni vegna vanmerks ofnæmis- og óþolsvalds í vörunni. Um er að ræða silfurlitaðar perlur með súkkulaðibragði ætlaðar til kökuskreytinga. Varan inniheldur ofnæmis- og óþolsvaldinn **mjólk** sem kemur ekki fram á umbúðum vörunnar og með öryggi neytenda í forgangi hefur því verið ákveðið að innkalla vöruna.

Efni: Ómerkt ofnæmisvaldandi efni í Chocolate Silver Pearls, **mjólk**, kemur ekki fram á umbúðum.

Vörumerki: Dr.Oetker

Vöruheiti: Chocolate Silver Pearls

Strikamerki: 5701073061060

Eftirfylgnisnúmer: 401775 EC VALIDATED

Framleiðandi: Dr.Oetker

Innflutingsaðili á Íslandi: Kaupfélag Skagfirðinga.

Dreifing: Skagfirðingabúð

Tekið skal fram að varan er ekki skaðleg þeim sem ekki hafa ofnæmi eða óþol fyrir mjólk en neytendum er þrátt fyrir það bent á að skila vörunni þar sem hún hefur langt geymsluþol. Varan var seld síðast þann 29. júlí síðast liðinn. Hægt er að skila vörunni í Skagfirðingabúð eða senda hana til Kaupfélags Skagfirðinga, Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki. Nánari upplýsingar veitir Árni Kristinsson verslunarstjóri Skagfirðingabúðar í síma 455-4532 og netfang arni.kristinsson@ks.is